



FUNDARGERÐ
2. fundur Húsakynna bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , 23. október 2018
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Hjalti Tómasson, Steindór Tómasson og Brynja Jóna Jónasdóttir.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sátu fundinn Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð, og Guðmundur Einarsson fasteignasali sem sat fundinn undir lið 4.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 23102018 - 1810054

Rekstur Húsakynna jan-sep 2018

Farið var yfir rekstur Húsakynna bs janúar-september 2018. Einnig var farið yfir fjárfestingaáætlun ársins en fyrir liggur að verkefnum sem áætluð voru á þessu ári er nær lokið og búið að nýta að fullu þá fjármuni sem áætlaðir voru innan ársins.

2. Framkvæmdaáætlun 2019 - 1810056

Framkvæmdaáætlun 2019 út frá uppfærðri langtímaáætlun.

Lögð fram og staðfest endurskoðuð framkvæmdaáætlun ársins 2019 hvað varðar viðhald eigna á árinu 2019.

3. Fjárhagsáætlun 2019 - Húsakynni bs - 1810055

Lögð fram tillaga að rekstaráætlun 2019 fyrir Húsakynni bs. Tillagan gerir ráð fyrir að framlag til reksturs skiptist þannig að Rangárþings ytra verði greiði 16.7 milljónir og Ásahreppur 8.1 milljón. Jafnframt var lögð fram tillaga að fjárfestingaáætlun ársins 2019 sem gerir ráð fyrir að hlutur Rangárþings ytra verði 13.5 milljónir og Ásahrepps 6.6 milljónir.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál - 1703002

4.1 Frágangur skjala vegna Giljatangaíbúða


Lögð fram til staðfestingar og undirritunar skjöl vegna frágangs á sölu Giljatangaíbúða til Rangárþings ytra og Ásahrepps í samræmi við fyrri samþykktir þar um. Kaupsamningarnir voru staðfestir samhljóða og undirritaðir af stjórn Húsakynna.

3

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.


Hjalti Tómasson


Steindór Tómasson


Brynja Jóna Jónasdóttir